



## UM PRÓFTÖKU Í KENNSLUSTUNDUM UPPLÝSINGAR TIL NEMENDA

Nemendur eiga að mæta stundvíslega í prófin.

Alger þögn skal ríkja í prófstofu. Ef nemandi þarfnast aðstoðar skal hann vekja athygli á því með því að rétta upp hönd. Truflun í prófi varðar brottvísun. Í kjölfarið er málið leyst í samráði við forráðamenn.

Yfirhafnir og útiskór eru ekki leyfileg í prófstofu.

Nemendur eiga ekki að hafa annað en prófgögn og skriffæri á borðum í prófstofunni. Óheimilt er að hafa síma og/eða snjalltæki með sér í prófstofuna. Ef nemandi er uppvís að því að vera með snjalltæki í prófi jafngildir það einkunninni D í prófinu.

Nemanda sem staðinn er að svindli skal umsvifalaust vísað úr prófi til skólastjóra eða deildarstjóra og jafngildir það einkunninni D í prófinu. Forráðamenn eru upplýstir um málið.

Ef nemandi lýkur prófi áður en kennslustund er lokið skal hann vinna önnur verkefni í samráði við kennara.

Nemendur eiga að taka þau próf sem kennarar setja á dagskrá. Nemendur sem forfallast þurfa að ljúka próftökunni ekki síðar en tveim vikum eftir skráðan prófdag, ella er gefin einkunnin D þar sem prófi er ólokið.

- Forföll þarf að tilkynna skólanum samdægurs (eða fyrr) og í kjölfarið gera áætlun um hvenær prófið er tekið. Sjúkrapróf eru haldin vikulega í skólanum. Þegar um langvinn veikindi er að ræða þurfa nemendur og forráðamenn að gera áætlun í samráði við umsjónarkennara og/eða deildarstjóra.